

206. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,

mánudaginn 13. mars 2017 kl. 16.15

Fundarmenn:

Stjórnarmenn: Snorri Finnlaugsson, Unnar Jónsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Steinunn María Sveinsdóttir og Bjarni Th. Bjarnason

Starfsmenn: Baldvin Valdemarsson, Sigmundur Einar Ófeigsson og Elva Gunnlaugsdóttir (ritaði fundargerð)

Formaður setti fundinn kl. 16.15

1. Undirritun fundargerðar nr. 205

Fundargerð síðasta fundar undirrituð án athugasemda

2. Staða verkefna:

- Verkefnið Hliðarfjall er á leið í auglýsingu. Starfsfólk finnur fyrir áhuga á verkefninu.
- Þekkingavörður er nánast afgreitt og klárast í mánuðinum
- Raforkumál, áttum fund með Framkvæmdastjóra Rarik, þar sem kom í ljós að skipta þurfi um endabúnað á streng í gegnum Héðinsfjarðargöngin til að auka flutningsgetu til Siglufjarðar. Rarik virðist standa vel að því sem þeim tilheyrir á svæðinu.
- Fisk- og seiðaeldi, höfum verið upplýst um 2 verkefni í eldi. Arnarlax með 10.000 tn. Laxeldi sem fer brátt í kynningu.
- Uppbyggingarsjóður, umsóknafrestur var 15. febrúar og 28 umsóknir bárust. Umsóknir eru hjá fagraðum og úthlutun fer fram á næstu vikum.

3. Smávirkjanakostir:

Dalvíkurbyggð hefur farið í greiningu á smávirkjunarkostum, spurning hvort önnur sveitarfélög hafi áhuga á svipaðri greiningu. Starfsfólki falið að senda fyrirspurn á sveitarfélögin og kanna hug þeirra til að fara í greiningu á smávirkjunum.

4. Undirbúningur aðalfundar

Ákveðið var að halda aðalfund AFE 4. maí á Svalbarðseyri kl. 16. Framkvæmdastjóri kynnti drög að ársreikning síðasta árs.

5. Samstarf við stoðstofnanir

Góð umræða fór fram á fundinum um samstarf stoðstofnana og hvernig megi bæta það.

Stjórn AFE mun óska eftir fund með stjórn Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.

6. Önnur mál

Önnur mál voru ekki rædd á fundinum.

Fundi slitið klukkan 18.10 og næsti fundur verður 10. apríl

